



Móðurmál.
Samtök um tvítyngi

Móðurmál - samtök um tvítyngi
Háaleitisbraut 11-13
108 Reykjavík
Kt: 421101-2990

modurmal@modurmal.com
www.modurmal.com

Reykjavík, 30.5.2022

Umsögn Móðurmáls um framkvæmdaáætlun í málefnum innflytjenda

Stjórn samtakanna Móðurmál fagnar því að lögð skuli fram metnaðarfull framkvæmdaáætlun í málefnum innflytjenda fyrir árin 2022-2025. Stjórnin hvetur til þess að samhliða verði haldið markvisst utan um innleiðingu verkefna og upplýsingum um það hvernig til hefur tekist komið á framfæri á aðgengilegan hátt en á liðnum árum hefur skort á yfirsýn og eftirfylgni með þeim áætlunum sem lagðar hafa verið fram. Ánægjulegt er að sjá áætlun um allsherjar stefnumótun í málaflokknum sem mikil þörf er á en stjórnin hvetur til þess að leitað verði víðtæks samráðs við innflytjendur og stofnanir í því mótunarferli. Stjórnin gerir athugasemdi við upphæð þess

fjármagns sem ætlað er í mótun stefnu, grænbók og hvítbók í samanburði við þær upphæðir sem lagðar eru í aðra liði áætlunarinnar sem ætla má að séu mun kostnaðarsamari.

Þá fagnar stjórnin þeim áætlunum að festa í sessi ráðgjafastofu fyrir innflytjendur og hvetur til þess að hagsmunafélög innflytjenda þar á meðal Móðurmál hafi aðkomu að ráðgjafastofunni og leitað verði samráðs við þau um upplýsingagjöf og stuðning við innflytjendur hvað varðar móðurmálskennslu og fjöltyngi.

Í aðgerð 1.7. eru markmið um samfélagstúlkun en Móðurmál vill koma á framfæri áhyggjum af því að ekki sé sinnt eftirliti með því að stofnanir á vegum ríkis og sveitarfélaga sinni þeirri skyldu sinni að miðla upplýsingum á aðgengilegan hátt m.a. með samfélagstúlkun, ekki nægir að setja fram áætlun um slíkt ef ekki er gengið eftir því að stofnanir sinni skyldu sinni og má í því samhengi nefna sýslumannsembættin á landinu sem oftast en ekki vanrækja þennan stuðning við innflytjendur.

Móðurmál fagnar því að lögð sé áhersla á aukinn stuðning við móðurmál og virkt fjöltyngi líkt og kemur fram í aðgerð 3.3. Í því sambandi vilja samtökin leggja sérstaka áherslu á að komið verði á markvissri og umfangsmikilli starfsþróun fyrir kennara og starsfólk í skóla- og frístundastarfi þar sem unnið verður að því að efla þekkingu á aðferðum og kennsluháttum. Þá verði unnið að því að þróa námsleiðir á Menntavísindasviði og í Háskólanum á Akureyri þar sem stuðningur við móðurmál, íslensku sem annað mál, virkt fjöltyngi og fjölmenningarlega starfs- og kennsluhætti verði í forgrunni. Samtökin Móðurmál sinna mikilvægri móðurmálskennslu og stuðningi við börn og fjölskyldur af erlendum uppruna en 500-1000 börn stunda móðurmálsnám alla laugardaga yfir vetrartímann í 15 - 20 virkum móðurmálshópum ár hvert. Samtökin hafa ávallt verið rekin sem sjálfbóðaliðasamtök en án reglulegs fjárstuðnings er nánast óvinnandi vegur að skapa markvisst bakland og samfellu í náminu fyrir fjöltyngd börn og fjölskyldur þeirra. Samtökin hafa í áraraðir kallað eftir viðvarandi stuðningi frá menntayfirvöldum til að þróa og bæta móðurmálskennslu fjöltyngdra barna en ekki hlotið áheyrn. Styrkir í tímabundin átaksverkefni líkt og fjarkennslu á tímum heimsfaraldurs eru mikilvægir en tryggja ekki að grundvallarstoðir samtakanna nái að festast í sessi. Með föstu fjárframlagi og möguleikanum á því að ráða framkvæmdastjóra gætu samtökin sinnt því hlutverki af metnaði að vera mikilvægt bakland fyrir þróun og framkvæmd móðurmálskennslu á Íslandi.

Að lokum vill Móðurmál benda á mikilvægi þess að viðurkenna mikilvægi móðurmálskennslu, t.d. dæmis með því að þróa stöðupróf í erlendum móðurmálum. Stöðupróf eru mikilvæg hvatning fyrir ungmenni til að halda áfram að læra móðurmál sín. Stöðupróf eru nefnd í Menntastefnu 2030, en þeirra skipulagi var fyrir nokkrum árum dreift frá miðlægum aðila, Menntaskóla í Hamrahlíð, til einstakra framhaldsskóla sem hafa ekki nauðsynlegar tengingar við hæfa fulltrúa allra tungumála né nægilega þekkingu til þess að láta útbúa slík próf. Þess vegna mælum við með því að leita leiða að samræma stöðupróf í þeim tungumálum sem eru þegar til eða leita t.d. til aðila eins og Seal of Biliteracy <https://sealofbiliteracy.org/> eða Global Seal of Biliteracy <https://theglobalseal.com/> til þess að geta boðið upp á próf í sem mestum tungumálum.

Með von um samstarf,



Bkv. Renata

Formaður Móðurmál - samtaka um tvítyngi

Fyrir hönd stjórnar